



Skrifstofa Alþingis  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

SÍBS | Icelandic Chest Patients Association

Síðumúli 6 | IS-108 Reykjavík | Iceland  
tel +354 560 4800 | fax +354 562 9150

sibs@sibs.is | www.sibs.is

## Efni: Umsögn um frumvarp til laga um vörugjöld og tollalög, 473. mál

### Umsögn:

SÍBS styður frumvarp til laga um vörugjöld og tollalög 473. mál, hvað varðar álagningu valkvæðs vörugjalds á viðbættan sykur (1. og 8. gr. lagafrumvarpsins) með eftirfarandi athugasemdum:

- **Tveir þriðju hlutar dauðsfalla** og stór hluti örorku orsakast af sjúkdómum sem tengjast lífsstíl beint, þar af mataræði að verulegu leyti.
- Ákvæði um sykurskatt er vel til þess fallið að setja **skýran mælikvarða** á lýðheilsu- og heilsuhagfræðilega þætti tengda neyslumynstri og forsenda þess að viðurkenna vandann.
- SÍBS telur að kostnaður hins opinbera af völdum offitu geti numið **kr 5–10 milljörðum á ári** hér á landi (sjá kaflann um lýðheilsu og heilsuhagfræði hér að neðan).
- Sakir samfélagslegs kostnaðar og heilsufaráhrifa offitu, telur SÍBS **ofneyslu sykurs ekki vera alfarið einkamál hvers og eins**, frekar en neysla áfengis og tóbaks.
- SÍBS tekur undir rökstutt viðhorf Landlæknis, að **neyslustýring með skattlagningu sé áhrifarík leið** til að minnka neyslu óhollra vara, bæta heilsu og draga úr útgjöldum.
- Norðurlöndin skattleggja undantekingalaust sykur og sætindi þótt fyrirhugaðri beinni skattlagningu á viðbættan sykur hafi verið slegið á frest í Danmörku og Noregi. Því getur **valkvæð leið** líkt og lagt er til í frumvarpinu verið heppileg til að brúa bæði sjónarmið.
- SÍBS telur að **lengra þurfi að ganga í gjalddöku af gosdrykkjum og sælgæti**, og að slíkt verði bæði gert með vörugjöldum og virðisaukaskattshækkun á þessum vöruflokkum. Helmingur neyslu á viðbættum sykri stafar af neyslu gosdrykkja (30%) og sælgætis (20%).

### Lýðheilsu- og heilsuhagfræðileg afstaða:

Sakir samfélagslegs kostnaðar og heilsufaráhrifa offitu og sjúkdóma tengdra mataræði, telur SÍBS ofneyslu sykurs ekki vera alfarið einkamál hvers og eins, frekar en neysla áfengis og tóbaks.

Þótt heildarálagning á matvæli hækki um 800 millj. má ekki gleyma því að inni í þeirri tölu gerir frumvarpið ráð fyrir kr 300 millj. lækkun á hollum vörum, þar sem vörugjald verður afnumið.

Beinn kostnaður hins opinbera vegna offitu var áætlaður kr 3 ma. árið 2007 (*Kostnaður hins opinbera vegna offitu*. Kristín Þorbjörnsdóttir og Tinna Laufey Ágeirsdóttir (leiðbeinandi), Hagfræðideild Háskóla Íslands, febrúar 2009).

Gera má ráð fyrir að heildarkostnaður hins opinbera vegna offitu sé mun hærri en að framan greinir, sé tekið mið af vandaðri sænskri rannsókn sem út kom 2011 (*Kalorier kostar, en ESO-rapport om vikten af vikt*. Dan Andersson og Anna Fransson, Finansdepartementet 2011).

Samkvæmt skýrslunni nam heildarkostnaður sænska ríkisins (tryggingakerfis og heilbrigðiskerfis) vegna offitu SEK 15 ma. árið 2003, sem þá svaraði til 0,6% af vergri þjóðaframleiðslu. Í skýrslunni er gert ráð fyrir 40–80% aukningu fram til ársins 2020, sem heimfært á Ísland væri ISK 15 ma. á ári nú.

Út frá fyrirliggjandi tölum er ekki úr vegi að áætla að heildarkostnaður hins opinbera hér á landi vegna offitu geti numið milli kr 5 og 10 ma. á ári.

Þá vill SÍBS taka undir það rökstudda og skýra viðhorf Landlæknisembættisins, að neyslustýring með skattlagningu sé áhrifarík leið til að takmarka neyslu óhollra vara, bæta heilsu og draga úr útgjöldum:

“Í grein sem birtist í *New England Journal of Medicine* árið 2009 (1) er sýnt fram á að verðstýring með sköttum eða vörugjöldum á sykraða gosdrykki geti verið áhrifarík leið til að minnka neyslu á þeirri vöru. Slík verðhækkun getur haft áhrif þar sem þörfin er brýnust, þ.e. hjá börnum og ungmönnum og öðrum þeim sem drekka mest af gosdrykkjum.

Í grein sem birtist í *Lancet* 2011 (2) þar sem verið var að meta hvaða aðgerðir stjórnvalda í Ástralíu skiluðu mestum ávinningi og árangri í því að sporna gegn offitu, voru skattar á óholla mat- og drykkjarvöru efst á blaði, bæði til að bæta heilsu og til að draga úr útgjöldum.”

(frétt af vef Landlæknis, 6/12 2012)

#### *Staða mála á Norðurlöndum:*

Í Danmörku hefur skattur á gos, ís, sælgæti og ýmist sætabrauð verið við lýði síðan 1922, og í núverandi formi síðan 1998. Rangt er, sem haldið hefur verið fram af hagsmunaaðilum hér á landi, að fallið hafi verið frá sykurskatti í Danmörku. Hið rétta er, að við fjárlagagerð vegna 2013 var samið um að falla frá eða fresta fyrirhugaðri útvíkkun á sykurskattinum, og reglur sem taka áttu gildi 1. janúar 2013 um skatt á harða fitu voru felldar úr gildi.

Í Noregi hefur verið í gildi skattur á gos og sælgæti síðan 1981, og sérstakur skattur á súkkulaði og sykurvörur síðan 1922 líkt og í Danmörku. Með sameinaðri reglugerð árið 2001 var m.a. skattur á gosdrykki sem innihalda viðbættan sykur færður á einn stað, og nemur fjárhæð hans nú um ISK 70 pr lítra. Frá 1. janúar 2013 hækkar skattur á sykraða drykki, svo hálf lítra flaska mun að meðaltali hækka um sem nemur ISK 20. Líkt og í Danmörku, hefur verið ákveðið að útvíkka ekki sem stendur gjaldtöku í átt til almenns skatts á sykur.

Í Finnlandi er þegar við lýði skattur á sykraða drykki, ís og sælgæti, en í upphafi þessa árs hóf sérstök nefnd að skoða hvers konar gjöld séu best til þess fallin að stýra neyslu á sykrudum vörum almennt.

Í Svíþjóð var lögð fram þingsályktunartillaga í október um álagningu sykurskatts, en málið er ekki komið lengra á sænska þinginu þegar þetta er skrifað.

### *Næringarfræðileg sjónarmið:*

Gegnum þróunarsögu mannsins hefur sykur alls ekkert komið við sögu fyrr en á síðasta árpúsundinu í Evrópu og litlu fyrr í Austurlöndum. Fyrst á 18. öld varð sykur algengur í Evrópu; fyrst sem lúxusvara en svo á 19. öld sem nauðsynjavara.

Líffræðilega erum við ekki hönnuð til að þola sykur vel: Frúktósinn í venjulegum sykri (súkrósa) meltist í lifrinni líkt og alkóhól, sem tekur tíma og heldur áfram að skila orku löngu eftir að við erum hætt að vera sólgin í sykur. Þessi umframorka breytast síðan í fitu – gjarnan kviðfitu eða fitusöfnun í lifur. Skiptir þá engu hvort um er að ræða hvítan sykur, hrásykur eða annan sykur.

Glúkósi er sú tegund kolvetna sem er að finna í kornmeti. Ólíkt súkrósa breytist glúkósi beint í orku í flestum frumum líkamans og veldur síður fitusöfnun. Þá fylgir náttúrulegum sykri í matvælum oftast talsvert magn trefja og annarra næringarefna, sem hægja á upptöku sykursins í meltingunni.

Ráðleggingar evrópskra og bandarískra heilbrigðisyfirvalda kveða allar á um magn viðbætts sykurs og setja neyslu hans efri mörk við 200 he (50g) á dag, en þó hafa bandarísku hjartasamtökin gengið lengra og mæla nú með 150he (40g) á dag hjá körlum 100 he (250g) hjá konum, svo komast megi hjá neikvæðum heilsufarslegum áhrifum. Þetta er minna af sykri en er í hálf lítra gosflösku hjá körlum, og samsvarar hálfri hálf lítra flösku hjá konum.

### *Um SÍBS:*

SÍBS á og rekur endurhæfingarmiðstöðina Reykjalund og öryrkjavinnustaðinn Múlalund, og innan sambandsins starfa sjúklingafélög með á sjöunda þúsund félagsmanna.

SÍBS beitir sér fyrir fræðslu og forvörnum á sviði lífsstílsjúkdóma. Tveir þriðju hlutar dauðsfalla og verulegur hluti örorku orsakast af sjúkdómum sem tengjast lífsstíl, þar meðtalið tóbaksreykingum, óheilsusamlegu mataræði, hreyfingarleysi og misnotkun áfengis.

Reykjavík, 13. desember 2012

Virðingarfyllt,

Guðmundur Löve  
framkvæmdastjóri SÍBS

Fylgiskjal:

“Sykur og sæta bragðið.” Anna Sigríður Ólafsdóttir, SÍBS-blaðið 2. tbl. 2012 bls. 8.